



Kennsluáætlun: bekkjarverkefni um netávana

Öppin:

Í þessu verkefni búa nemendur til rafbók. Hægt er að vinna hana í Pages ritvinnsluappinu sem fylgir með öllum iPad spjaldtölvum, en einnig má notast við Book Creator. Sumir skólar hafa keypt síðarnefnda appið en aðrir geta nálgast ókeypis útgáfu af því í Catalog.

Markmið:

- Að nemendur geri sér grein fyrir því að sumir geta lent í vandræðum með net- og tölvunotkun sína.
- Að nemendur velti fyrir sér til hvaða úrræða sé hægt að grípa ef einhver lendir í vandræðum.
- Að nemendur efli samvinnufærni og setji fram hugleiðingar sínar á skapandi hátt.
- Að nemendur séu í stakk búnir til að ræða við foreldra um þessi mál.
- Að kennari kynnist notkunarmöguleikum Pages eða Book Creator.

Undirbúningur:

Mælt er með að kennarar kynni sér í grundvallaratiðum Pages og/eða Book Creator, hafi þeir ekki notað þau í kennslu.

Eins og endranær eru umræður um viðfangsefnið nauðsynlegar.

Verkefnin sjálf eru ekki unnin í tæki kennarans en nemendur þurfa að geta skilað þeim til kennara. Þá er hægt að notast við *Google Classroom*, *Showbie* eða jafnvel tölvupóst.

Minnt er á að kennsluráðgjafar eru til taks að aðstoða við undirbúning og ræða mögulegar útfærslur.



Verkefnið:

Nemendur lesa sér til um netávana, einkenni og úrræði á þeim vefsíðum sem gefnar eru upp hér fyrir neðan. Gott er að nemendur komi saman í litlum hópum að lestri loknum og ræði saman, skiptist á skoðunum og viðhorfum.

<http://www.persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=56&pid=33>

http://tolvufikn.is/fikn_um.html

www.saft.is

<http://borgaravitund.arnar.me/netavani/>

<http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2013/ShortreportISFINAL.pdf>

<https://www.youtube.com/watch?v=a1YVKooDMVI>

Nemendur eiga síðan að útbúa rafbók sem hægt sé að nota í forvarnarskyni. Mælt er með að foreldrum séu send eintök af rafbók síns barns og að nemendur séu upplýstir um það í upphafi að slíkt standi til.

Hver nemandi á að útbúa sína eigin rafbók en heimilt er að leyfa nemendum að hjálpast að. Rafbókin á að innihalda:

Texta

Myndir

Myndband - tekið af netinu eða frumsamið eftir því sem efni standa til

Hlekk á vefsíðu með nánari upplýsingum

Spurningar til foreldra

Upplestur nemanda á hluta textans - ef unnið er í *Book Creator* er hægt að gera þetta beint í appinu, en ef notast er við *Pages* þarf að búa til hljóðskrá í *Garageband* og þá má sleppa þessum lið ef tíminn er naumur

Úrvinnsla:

Nemendur gætu kynnt verkefni sín fyrir bekknum og er þá tilvalið að notast við *AirServer* streymibúnaðinn.

Kennari sendir foreldrum rafbók síns barns í tölvupósti. Gott er að foreldrum sé bent á hvert sé hægt að leita ef áhyggjur af tölvunotkun barna vakna. Eins og með önnur hagsmunamál nemenda er umsjónarkennari fyrsti póstur en getur eftir atvikum vísað málum áfram til námsráðgjafa, skólasálfræðings eða nemendaverndarráðs ef um alvarleg mál er að ræða.

Kennsluráðgjafar geta einnig veitt ráðgjöf um úrræði.